

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 332/2023

frá 8. desember 2023

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/789 frá 17. apríl 2019 um reglur um beitingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem gilda um tiltekna útsendingar útvarpsfyrirtækja á Netinu og endurútsendingar útvarps- og sjónvarpsefnis, og um breytingu á tilskipun ráðsins 93/83/EBE ⁽¹⁾.
- 2) XVII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 8. lið (tilskipun ráðsins 93/83/EBE):

„, breytt með:

- **32019 L 0789**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/789 frá 17. apríl 2019 (Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 82).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 15. lið (tilskipun (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins 2017/1564):

„16. **32019 L 0789**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/789 frá 17. apríl 2019 um reglur um beitingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem gilda um tiltekna útsendingar útvarpsfyrirtækja á Netinu og endurútsendingar útvarps- og sjónvarpsefnis, og um breytingu á tilskipun ráðsins 93/83/EBE (Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 82).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 3. mgr. 3. gr. orðast „lög Sambandsins“ sem „EES-samninginn“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 82.

- b) Í 1. mgr. 11. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023“ í stað orðanna „7. júní 2021“ og orðin „tveimur árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023“ í stað „7. júní 2023“.
- c) Í 2. mgr. 11. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023“ í stað orðanna „7. júní 2021“ og orðin „fjórum árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023“ í stað „7. júní 2025“.
- d) Í 1. mgr. 12. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023“ í stað orðanna „7. júní 2021“.

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2019/789, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.